



Betri Borgarfjörður

Ársskýrsla 2018



Borgarfjarðarhreppur

Inngangur

Markmiðið með *Brothættum byggðum* er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottfluttra íbúa og aðra.

Betri Borgarfjörður er eitt undirverkefna *Brothættra byggða* og hófst með vel sóttu íbúáþingi í febrúar 2018. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og stefna verkefnisins gróflega mótuð. Þá voru einnig fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir.

Stjórn verkefnisins á Borgarfirði eru:

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Jóney Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSA

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Verkefnisstjóri tók til starfa 2. maí og hefur aðsetur á efri hæð Fjarðarborgar, félagsheimilisins á staðnum. Fyrsta verkefni hans var að framkvæma SVÓT-greiningu á svæðinu og leggja upp meginmarkmið verkefnisins, í samstarfi við verkefnisstjórn. Að öðru leyti fór sumarið aðallega í að kynnast íbúum svæðisins og staðháttum, fyrirtækjum og almennt andrúmslofti. Í endaðan ágúst var haldinn íbúafundur þar sem markmið verkefnisins til næstu þriggja ára voru lögð fyrir íbúa til samþykktar. Fyrsta styrkjaúthlutun var auglýst um miðjan október og formleg afhending þeirra fór fram 10. desember. Mikill áhugi er á verkefninu á Borgarfirði eins og sást glögglega á góðri þátttöku á fyrsta íbúáþingi, íbúafundi í ágúst og umsóknum um styrki í desember.

Stefnumótun og skipulag

Framtíðarsýn og markmið verkefnisins *Betri Borgarfjörður* eru sett fram í fjórum meginmarkmiðum:

- Gott mannlíf
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Öflugir innviðir
- Einstakt umhverfi

Undirmarkmið flokkana eru 46 talsins og eru fjölbreytt og metnaðarfull, allt frá því að efla félagslíf og yfir í heilbrigðis- og samgöngumál.

Sex verkefni voru skráð með verklok í lok árs 2018. Hafa þau öll nema tvö komist til framkvæmda en er þó ólokið. Sjá nánar um stöðu í töflu:

Árslok 2018		
1.6	Viðburðadagatal í Búðinni / BE.is	Í vinnslu (styrkt af BB)
1.7	Afþreying og félagsstarf íbúa	Í vinnslu
3.1	Opnun matvöruverslunar	Lokið
3.6	Ljósleiðari BE/Njarðvík	Í vinnslu (seinkar v. tafa í vegaf framkv.)
3.7	Viðvera læknis/hjúkrunarfræðings	Í vinnslu (íbúafundur)
3.11	Grunnskóli/jöfnunarsjóður	Ekki hafið
2018-2019		
1.8	Fjarbúafélag	Lokið
1.9	UMFB íþrótttaefingar	Ekki hafið
2.6	Endurbætur á efri hæð Fjarðarborgar	Ekki hafið
2.9	Miðlæg sölusíða ferðaþj.aðila	Ekki hafið
2.10	Borgarfjörður Escape	Í bið
2.11	Bátsferðir	Í vinnslu (styrkt af BB)
2.14	Endurbætur á Kaupfélagshúsi	Í vinnslu (styrkt af BB)
2.15	Innanhússkipulag þjónustuhúss í Höfn	Ekki hafið

Búðin Borgarfirði opnaði formlega 30. júní sl. en það þótti eitt af forgangsverkefnum Betri Borgarfjarðar og má segja að það verkefni hafi verið tekið með trukki strax að loknu íbúðingum í febrúar. Einkaaðilar festu kaup á húsnæði þar sem matvöruverslunin Eyrin var áður rekin og lögðu til verkefnisins. Hafist var handa við að safna hlutafé meðal íbúa, fjarbúa og annarra velunnara Borgarfjarðar eystra. Hluthafar eru 80 talsins og söfnuðust sjö milljónir í hlutafé. Félagið hlaut nafnið Gusa ehf. og var stofnfundur þess haldinn 28. júní þar sem stjórn félagsins var kjörin. Búðin Borgarfirði var opin daglega til 1. september og þrjú eftirmiðdaga í viku yfir veturinn. Drjúgur tími hefur farið í samstarf og aðstoð við stjórn Búðarinnar og hefur það verið mjög gefandi og skemmtilegt en ljóst er að reksturinn verður krefjandi.

Mikið hefur verið unnið í húsnæðismálum í vetur. Á haustdögum var stofnaður húsnæðishópur undir forystu Rögnu Óskarsdóttur, Rögnunefndin svokallaða. Nefndin hefur unnið að tillögum um uppbyggingu leiguhúsnæðis fyrir hreppsnefnd. Meðal verka hefur verið að greina þörf á leiguhúsnæði og að sækja um þátttöku í tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs sem kynnt var haustið 2018. Borgarfjarðarhreppur hlaut ekki inngöngu en stefnir að því að sækja um svokallað stofnframlag til bygginga á almennum íbúðum til Íbúðalánasjóðs. Stefnt er að byggingu tveggja til sex íbúða.

Í vetur hófst einnig spennandi verkefni á vegum Rögnu Óskarsdóttur sem lýtur að fullvinnslu afurða úr æðadúni en æðadúnsrækt er töluverð á Austurlandi og er m.a. eitt stærsta varp landsins í Loðmundarfirði. Hugmyndin er að kaupa dúninn af bændum og hreinsa og fullvinna sængur (og mögulega aðrar afurðir) hér á landi, en dúnninn er í dag allur fluttur erlendis til frekari vinnslu. Verðmætasköpunin á sér því ekki stað hér á landi en ætlunin er að breyta því. Verkefnið hefur fengið inngöngu í viðskiptahraðalinn *Til sjávar og sveita* sem haldinn er í fyrsta sinn árið 2019.

Styrkjамál

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í sjóð *Brothættra byggða* þann 22. október og rann umsóknarfrestur út 12. nóvember. Alls bárust 18 umsóknir frá 13 einstaklingum/fyrirtækjum/félagasamtökum. Heildarfjárhæð allra verkefna sem sótt var um fyrir var 17.335.625 kr. og heildarkostnaður þeirra var 41.412.345 kr. Þann 10. desember voru 15 styrkir formlega afhendir 12 styrkhöfum, alls að upphæð 7 milljónir.

Yfirlit styrkja:

Fyrirtæki/einstaklingur	Styrkt verkefni	Upphæð
Blábjörg ehf.	Vetrarbúnaður	600.000
Ferðamálahópur BFE	Landvarsla á Víknaslóðum	300.000
Blábjörg ehf.	Viðskiptaáætlun: Gamla kaupfélagið	300.000
Eyþór Stefánsson	Viðskiptaáætlun: Útsýnissiglingar	300.000
Bryndís Snjólfsdóttir	Handverk og hönnun á BFE	600.000
Fuglavernd	Hafnarhólmi – Lífríki og fræðsla	300.000
Kata Sümegi	Porcelain Studio – It all started with a kiln	500.000
Travel East	Borgarfjörður eystri – The capital of hiking	700.000
Bátasafn Borgarfjarðar	Viðskiptaáætlun og hönnun	600.000
Melanie Baldvinsdóttir	Viðburðadagatal og kynningartafla	50.000
Björn Kristjánsson	Lífræn ræktun	250.000
UMFB	Frisbíggölvöllur	700.000
Gusa ehf.	Búðin Borgarfirði: Rekstrarráðgjöf og þjálfun	500.000
Gusa ehf.	Búðin Borgarfirði: Geymsluhúsnæði	500.000
Gusa ehf.	Búðin Borgarfirði: Uppfærsla rekstrartækja	800.000

Þess má einnig geta að verkefni sem hlutu styrki úr sjóði *Brothættra byggða* hafa einnig sótt í fleiri styrktarsjóði og fengið úthlutað:

Umsækjandi	Styrkt verkefni	Sjóður	Upphæð
Blábjörg ehf.	Sjóbaðsaðstaða	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.900.000
Kata Sümegi	Porcelain Studio	Uppbyggingarsjóður Austurlands	600.000
Gusa ehf.	Rekstur 2018/19	Verslun í dreifbýli/Stefnum. byggðaá.	1.000.000

Þá sótti Blábjörg einnig um til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2019 vegna sjóbaðsaðstöðu en ekki hefur verið tilkynnt um úthlutun.

Námskeið – fundir - ráðstefnur

Verkefnisstjóri hefur tekið þátt í *Interface* verkefninu ásamt öðrum verkefnisstjórum *Brothættra byggða*. Fyrsta lota var haldin á Borgarfirði í lok ágúst, önnur í Hrísey í október og sú þriðja á Þingeyri í nóvember. Annar fulltrúi íbúa í *Betri Borgarfirði*, Óttar Kárasón hefur einnig tekið þátt í verkefninu. Upp úr standur að myndast hafa betri tengsl milli verkefnisstjórnanna og byggðarlaganna en var áður. Það er mikils virði að fá vettvang til

að hittast og bera saman bækur og heimsækja önnur brothætt byggðalög. Vonandi fá verkefnisstjórar tækifæri til að hittast áfram eftir að *Interface* lýkur.

Í tilefni fyrstu lotu *Interface* var haldið opið málþing á vegum Byggðastofnunar og Háskólans á Bifröst um verkefni tengd byggðaþróun á Borgarfirði sem var vel sótt. Að öðru leyti hefur verkefnisstjóri reynt að mæta á þá fundi og ráðstefnur sem haldnar eru á Austurlandi, eftir því sem tækifæri gefast, s.s. vegna styrkja sem í boði eru, ferðaþjónustu menningar- og atvinnumála til að geta þá miðlað þeim upplýsingum áfram til byggðalagsins. Fór einnig á haustþing atvinnuþróunarfélaganna var haldið á NV-landi í nóvember. Verkefnisstjóri er fulltrúi Borgarfjarðarhrepps í Markaðsráði sveitarfélaganna á Austurlandi og fulltrúi íbúa í menningarhópi vegna undirbúnings sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi. Leysti einnig sveitarstjóra af í veikindaleyfi í sumar og haust.

Borgarfjörður í fréttum

Borgarfjörður eystri hefur verið töluvert í fréttum á árinu 2018, ekki síst vegna inngöngu í *Brothættar byggðir* og verkefna því tengdu:

Borgfirðingar byggja veg – í febrúar hrintu Borgfirðingar af stað undirskrifasöfnun þar sem skorað var á samgöngumálaráðherra að veita fjármagn í vegabætur á Borgarfjarðarvegi. Á þriðja þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar ráðherra í mars. Staðfesting um aukið fjármagn fékkst í maí og hófust framkvæmdir í Njarðvíkurskriðum í vetrarbyrjun 2018. Stefnt er að verklokum sumarið 2019 – en þá verða enn rúmlega 20 km af 70 ómalbikaðir milli Egilsstaða og Borgarfjarðar.

<https://www.austurfrett.is/frettir/borgfirdhingar-safna-undirskriftum-fyrir-baettum-veg-vidh-viljum-ekki-leggjast-i-eydhi>

<http://www.ruv.is/frett/borgfirdingar-bidja-radherra-um-nyjan-veg>

<http://www.ruv.is/frett/aukid-fe-i-veginn-til-borgarfjardar-eystra>

Hafist var handa við að safna hlutafé í opnun verslunar á nýjan leik en veturinn 2017-2018 var engin matvöruverslun opin á Borgarfirði. Undirbúningur hófst fyrir alvöru í maí og opnaði Búðin Borgarfirði formlega 30. júní.

<http://www.ruv.is/frett/undirbua-nyja-verslun-a-borgarfirdi-eystra>

<https://www.frettabladid.is/timamot/buin-opnu-i-bakkageri>

<https://www.n4.is/is/taettir/file/skiptir-ollu-mali-ad-hafa-bud-borgarfjordur-eystra>

<http://www.ruv.is/frett/styrkja-verslanir-i-strjalbyli-um-10-milljonir>

Borgarfjörður og Borgfirðingar þykja gjarnan áhugavert fréttæfni.

Viðtal við Elísabetu Dögg Sveinsdóttur (fulltrúa íbúa í *Betri Borgarfirði*).

<https://www.n4.is/is/taettir/file/ur-einum-borgarfirdi-i-annan-borgarfjordur-eystra>

Viðtal við Irynu Boiko, íbúa á Borgarfirði.

<https://www.pes.is/~austurf/frettir/fra-cherkasy-til-borgarfjardhar>

Viðtal við Stelli Sveinsdóttur á Lindarbakka.

<http://www.ruv.is/frett/byr-i-torfbae-a-sumrin-a-borgarfirdi-eystra>

Sumarið 2018 tók Lára Ómarsdóttir upp þátt af Ferðastiklum á Borgarfirði og á Víknaslóðum sem sýndur var í mars 2019.

<http://www.ruv.is/sjonvarp/spila/ferdastiklur-iv/25046?ep=7erdr7&fbclid=IwAR2vvIarZAIP2plIotXQutOAFYjBueR0Cj1RQ-Kt5ci5RUcS9YFqUwhjcM>

Gríski ferðaþátturinn *Happy Traveller* tekinn upp á Borgarfirði.

http://www.skaitv.gr/episode/psuchagogia/happy-traveller/2019-02-09-17?fbclid=IwAR3X0ItYg_KzFbBSQj7ve_vfy7D07AXNWMTvOoVWnAhvxJRqIt2fqXXiuJk#.XGEOIarSEko.facebook